

Velferðarráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Fjólu Aspar Baldursdóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela velferðarsviði að bæta aðgengi fyrir unglunga að sálfræðipjónustu í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Miðað skal við að aðgengi hafi verið bætt eigi síðar en í janúar 2023.

Greinargerð:

Andleg líðan unglunga fer versnandi á milli ára og er aðgengi að sálfræðipjónustu ekki nægilega gott. Erfitt getur verið að leita sér aðstoðar og langur biðlisti er eftir þjónustu skólasálfræðinga borgarinnar. Fyrir hönd unglunga í Reykjavík viljum við óska eftir að sálfræðingar verði starfandi í öllum grunnskólum borgarinnar.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af velferðarráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.